

Aðalfundur 2006

Aðalfundur SFA 2006

haldinn á Amtsbókasafninu á Akureyri 10.maí kl. 20.00.

Hólmkell Hreinsson gestgjafi fundarins bauð gesti velkomna. Meðan beðið var eftir seinum félögum fræddi Hólmkell fundargesti um eitt og annað hagnýtt og skemmtilegt svo sem kaffiteríu Amtsins, matseðilinn og matseljuna góðu. Loks var fundur settur og tók Dóra Thoroddsen að sér að vera fundarstjóri í stað fundarstjórans sem ekki fannst og Marta Hildur Richter tók að sér fundarritun.

Gengið var til dagskrár:

Skýrsla formanns. Hólmkell Hreinsson formaður SFA flutti skýrslu 2005-2006.

Í stjórn, auk Hólmkels, voru þau Ingibjörg Hjartardóttir ritari, Margrét Aradóttir gjaldkeri og Dóra Þorsteinsdóttir varamaður.

Haldnir voru 8 stjórnarfundir og haustfundur SFA var haldinn 14. október 2005

í Bókasafni Mosfellsbæjar.

Um áramót flutti Ingibjörg til Indlands og er þar enn, og Dóra komst ekki sem skyldi á fundi. Hólmkell og Margrét hafa því séð um að stjórna SFA þennan tíma.

Allar fundargerðir eru á fina.is og hafa einnig verið sendar félagsmönnum í tölvupósti.

Hólmkell fór á NAPLE ráðstefnu í Króatíu í haust, að undirlagi formanns Upplýsingar, um framtíðarsýn í bókasafnsmálum. Þar kynntist hann m.a. ensku fyrirlesurunum sem eru á þessum vofundi SFA um stefnumótun til framtíðar.

Hann taldi umræðuefni haustfundar hafa verið áhugavert og því verði haldið áfram á sömu braut.

Hann sagði mikilvægt að vita hvað við viljum og hvert við viljum halda. Einnig er mikilvægt að við setjum okkur sameiginleg markmið og hugmyndir og komum þeim áleiðis til stjórnámálanna og embættismanna.

Stjórnin setti sér í upphafi eftirtalin markmið:

1. Framleiðsla á kynningarefni t.d. lestrarmæli.
2. Koma á meiri safnasamvinnu.
3. Kynning á sérstöðu litlu einmenningssafnanna. "Úr útlánastöð í upplýsingamiðstöð".
4. Tengslanet safnanna. Sameiginleg lánþegaskírteini.
5. Stór bókasöfn versus lítil. Söfn án landamæra.

Enn er verið að vinna að þýðingu á lestrarmælinum. Áhugi er á að framleiða kynningarefni fyrir nýkjörna sveitarstjórnarmenn. Boltinn er hjá söfnunum sjálfum í safnasamvinnu. Samvinna við aðrar stofnanir og félög er afar mikilvæg til framtíðar litið. Halda þarf áfram umræðunni frá haustfundi um málefni lítilla safna, samvinnu og netverksstarfsemi sem myndi styrkja öll söfn í landinu.

Stjórnin veitti Upplýsingu 100.000 kr. styrk vegna dagsráðstefnu 23.08.2005.

Borist hefur erindi frá Landsfundanefnd Upplýsingar 2006 og er það í skoðun.

Formaður sótti fund í Menntamálaráðuneytinu 13. febrúar vegna umsóknar um

styrk til Verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið. Afrakstur fundarins var umsókn um gerð kennsluefnis í upplýsingalæsi.

Svar barst í dag (10.maí'06) frá Ásgerði Kjartansdóttur þar sem hún segir að sótt hafi verið um fé til 43ja verkefna að upphæð 558 milljónir en 200 milljónir voru til ráðstöfunar. Þrjár umsóknir fengu styrk, en margar áhugaverðar umsóknir bárust. Síðan segir orðrétt:

"Umsóknin um upplýsingalæsi fékk talsverða umræðu í Verkefnisstjórninni og var fólk frekar jákvætt gagnvart verkefninu en því miður var ekki hægt að veita fjármagni í það. Í umræðunni kom hins vegar fram að til er Þróunarsjóður EFTA þar sem hvatt er til samstarfs við Eystrasaltsríkin og væri kannski möguleiki að sækja um styrk í þann sjóð. Það er kannski stór pakki en ef SFA og Upplýsing vilja fara í slíkt verkefni, í samstarfi við Eystrasaltslöndin, þá er ég til í að aðstoða ykkur við það"

Það var og.....

Formaður tók sæti í stefnumótunarnefnd Upplýsingar. Tveir fundir hafa verið haldnir og sá þriðji verður í næstu viku. Unnið er að því, að komast að hvað við viljum og hvert við viljum stefna. Væntir formaður þess að fá veganesti af þessum vorkundi SFA í þá vinnu. Niðurstöður verða lagðar fram á landsfundi í haust.

Þá fór formaður á fund Ragnheiðar Þórarinsdóttur í Menntamálaráðuneyti.

Ragnheiður er eins konar ígildi íslensks ríkisbókavara og sækir fundi erlendis með öðrum ríkisbókavörðum.

Hann kynnti henni hugmyndir um framtíð safnanna, um mikilvægi samvinnu og mikilvægi þess að ríkisvaldið hafi frumkvæði að rannsóknum og þróun. Niðurstaða fundarins var að samvinna og upplýsingagjöf eru mikilvæg og ætla báðir aðilar að gera betur í þeim málum í framtíðinni.

Reikningsuppgjör sl. árs. Margrét Aradóttir gjaldkeri SFA lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins 2005-2006. Gjöld voru 217.617 kr. umfram tekjur og eign á reikningi er 818.780 kr.

Margrét lagði einnig fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Tekjur eru áætlaðar 665.210 kr. og gjöld 814.000 kr., eða 157.790 umfram tekjur.

Ársskýrsla formanns, reikningar, fjárhagsáætlun og óbreytt félagsgjald voru samþykkt samhljóða án athugasemda.

Kosning stjórnar. Stjórnin gaf kost á sér áfram og var samhljóma samþykkt.

Stefanía Gísladóttir var endurkjörin skoðunarmaður og Ingibjörg Ásgeirsdóttir í stað Sigurbjargar Pálsdóttur sem ekki er lengur í SFA.

Inntaka nýrra félaga. Ester Sigfúsdóttir Bókasafni Hólmavíkur, Gerður Jóhannsdóttir í Bæjarbókasafni Sandgerðis, Sigurlaug Stefánsdóttir Bókasafni Dalvíkur og Sævar Ingi Jónsson Héraðsbókasafni Borgarfjarðar voru öll boðin velkomin í SFA með lófataki.

Fleira ekki rætt, fundi slitið og fundarmönnum boðið upp á gómsætar veitingar.